



Reykjavík, 17. september 2024

## SÓLEYJARIMI HUGMYNDALEIT\_UMSÖGN VALNEFNDAR

### ESJA

**Kostir:** Sannfærandi heildarsýn fyrir svæðið. Vel unnið með tengingar við græna kragann og aðliggjandi byggð. Mælikvarði bygginga og útirýma passar vel inn í umhverfið. Húsagerð, samfélagshús og verkstæði styðja við tengslamyndun íbúa. Gefið er eftir svæðið fyrir nágretta með grænum jaðar við íbúabyggð og skóla. Góð heildarhugsun fyrir ofanvatnslausnir, gróður og líffræðilegan fjölbreytileika. Dvalarsvæði vel staðsett, bílastæði, sorp og tengingar vel leyst. Áhugaverðar hugmyndir um borgarbúskap og samnýtingu á opnum svæðum með Rimaskóla. Tillagan teygir sig út fyrir svæðið og kemur með góðar hugmyndir varðandi skólalóðina og gatnaskipulag. Hugmyndir um samgöngur eru sterkar.

Hönnuður brást vel við athugasemdum frá dómnefnd og leysti þau atriði afar vel.

**Gallar:** Hefði verið gott að sjá skuggvarp þar sem byggðin er þétt.

### TENDRA

**Kostir:** Áhugaverð tillaga um þorp í almenningsgarði. Græni jaðarinn á móti íbúðarbyggð er sterkur og aðlagast nýja byggðin vel að því sem fyrir er. Byggingar mynda skjólgóð og sólrík dvalarsvæði fyrir íbúa en einnig er gefið eftir svæði fyrir almenningsgarð. Tillagan styður við mannlíf milli húsanna þar sem inngangar eru frá sameiginlegum garði með hverfishúsi. Áhugaverð heildarhugsun fyrir ofanvatnslausnir, gróður með áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika. Flottar hugmyndir endurnýtingu á uppgrefti innan svæðis og hvatakerfi.

Hönnuður brást að hluta til við athugasemdum dómnefndar varðandi bílakjallara en hefði mátt taka það alla leið.

**Gallar:** Þykkir húsakroppar og þar af leiðandi eru íbúðir ekki vel leystar. Samgöngumáti, bílakjallari og mikið af bílastæðum á lóð. Almenningsgöngur ekki með í útreikningunum.

### KRADS

**Kostir:** Áhugaverð og frumleg nálgun á húsagerð sem hefur húsaðliðar í þrjár áttir. Svalagangahús fá áhugaverða útfærslu. Byggingarmagn er hæfilegt og tillagan gefur eftir mikið grænt svæði á lóðinni. Grænu svæðin eru frekar óráðin og gefa möguleika á að tilheyra hvort sem er íbúum, nemendum eða öðrum nágrönnum. Bílastæði, götur og stígar eru vel leyst.

Hönnuður brást ekki nægilega mikið við athugasemdum dómnefndar varðandi það sem mætti betur fara í tillögunni.

**Gallar:** Stigagangur fyrir miðju ekki sannfærandi þar sem lítil dagbirta kemur til með að ná inn í þessi rými. Heildarsýn tillögunnar er ekki nægilega sannfærandi. Það vantar tengingar á milli einka- og almenningsrýma. Staðsetning bygginganna og almenningsrýmanna hefði þurft að móta betur í tilliti til útsýnis og vinds. Ekki tekið tillit til blágrænna ofanvatnslausna við staðsetningu bygginga. Ekki ávarpað heildarhugsun fyrir gróður eða líffræðilegan fjölbreytileika. Samgöngumáti, mikið af bílastæðum á lóð og ekki tekið tillit til vistvænna samgagna.



Reykjavík